

**3. Ákvæði vegna mengunar.**

- 3.1. Stækkun samkvæmt langtímaáætlun skal tilkynna áður en framkvæmdir hefjast. Þar skulu koma fram tillögur að endanlegum frágangi frárennslis.
- 3.2. Til að draga úr hugsanlegri smithættu sjúkdóma og vegna hættu á erfðablöndun milli náttúrulegra stofna og eldisstofna skal þannig gengið frá frárennslisli að samgangur fiska í umhverfinu og fiska í stöðinni verði útilokaður og að sjálfdaður fiskur berist ekki með frárennslinu.
- 3.3. Skólp frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í rotþró og þaðan niður fyrir stórstraumsfjörumörk.
- 3.4. Ef stöðin kemur upp aðstöðu til slátrunar og aðgerðar á eldis- og hafbeitarfiski ber stöðinni að fara með úrgang og frárennslisli frá þeirri aðstöðu samkvæmt reglugerð nr. 403/1986 um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.

**4. Ákvæði vegna gjaldskrár og gildistöku.**

- 4.1. Í samræmi við reglugerð nr. 390/1985, skal stöðin árlega greiða eftirlitsgjald og flokkast stöðin í 3. flokk samkvæmt gildandi gjaldskrá. Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfisvinnslu.
- 4.2. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, öðlast gildi þegar við birtingu.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 5. apríl 1988.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Ingimar Sigurðsson.*

**REGLUGERÐ**

**um breyting á reglugerð nr. 194, 7. apríl 1983, um hagræðingar- og framkvæmdalán til fyrirtækja í sjávarútvegi.**

1. gr.

Við 2. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar bætist tveir nýir málslíðar er orðist svo:  
Ársvextir skulu vera 6% frá 1. maí til 1. nóvember 1988. Að loknu því tímabili ákveður stjórn Fiskveiðasjóðs Íslands ársvextina.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er samkvæmt lögum nr. 10, 27. mars 1984, öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytið, 15. apríl 1988.*

F. h. r.

**Árni Kolbeinsson.**

*Kristján Skarphéðinsson.*